

**Nd.**

## **628. Frumvarp til laga**

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

Flm.: Ólafur Thors.

### **1. gr.**

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — ein millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund —.

### **2. gr.**

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — einnar millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 112 1943.

### **Greinargerð.**

Að undanfögnu hefur verið unnið mikið að hafnarbótum í Keflavík, og er nú til þurrðar gengið það fé, er í þessu skyni hefur verið veitt úr ríkissjóði. Hins vegar er enn mikið óunnið af því, sem minnst er talið þurfa, til þess að hafnarskilyrði geti heitið viðunandi í þessari stóru og sívaxandi verstöð, og er nú ætlað að hefja þær framkvæmdir á næsta vori.

Áætlaður kostnaður er 1,5 millj. króna, og er með frv. þessu farið fram á breytingu á hafnarlögum fyrir Keflavík í samræmi við það.

Að öðru leyti þykir nægja að vísa til þeirra raka, er færð hafa verið þessari hafnargerð til stuðnings á undanfögnu þingum.

Ástæða þykir til að geta þess, að ekki er ætlað, að þessar hafnarbætur tefji fyrir byggingu fyrirhugaðrar landshafnar á Suðurnesjum, enda er hvort tveggja, að þær geta aldrei fullnægt framtíðarþörf fiskibátaflotans í Faxaflóa og því eigi komið í stað landshafnarinnar, sem og hitt, að hafnarbætur í Keflavík hafa sitt fulla gildi, þótt landshöfnin verði byggð. Má og að vissu leyti fella þær inn í landshöfnina. Mun nánar að því vikið í framsögu.